

Mánudaginn 27. marz 1916.

Nr. 67/1915.

Sigurður Hjörleifsson

gegn

Ólafi Björnssyni.

D ó m u r :

Tildrög máls þessa eru þau, að 29. marz 1912 gerðu aðilar þess, stefndi Ólafur ritstjóri Björnsson, eigandi og útgefandi blaðsins »Ísafold«, og áfrýjandi Sigurður læknir Hjörleifsson, ritstjóri blaðsins »Norðurland« á Akureyri, samning með sér þess efnis, að áfrýjandi réð sig til að vera ritstjóri »Ísafoldar« um 6 ára tíma frá 1. júlí 1912 til 30. júní 1918 og lengur, ef eigi kæmi til uppsögn frá annari hvorri hálfu. Efni sammingsins var að öðru leyti á þá leið, að stefndi skyldi sem áður vera útgefandi blaðsins og ritstjóri með áfrýjanda, en áfrýjandi skyldi sérstaklega vera stjórnáritstjóri þess og jafnframt ábyrgðarmaður. Þó skyldi blaðið sjálft, en ekki áfrýjandi, greiða kostnað þann, sektir og málskostnað, er leiða kynni af málshöfðun gegn ábyrgðarmanni fyrir greinar þær, er blaðið flytti. — Að öðru leyti skyldu ritstjórnarnir skifta verkum með sér við ritstjórn og útgáfu blaðsins eftir samkomulagi. Fyrir þessi störf skyldi áfrýjandi hafa að árslaunum 2400 kr., er greiddust mánaðarlega með 200 kr. í byrjun hvers mánaðar. Frá þessari launaupphæð skyldi þó draga laun, er fást kynnu fyrir eins klukkutíma vinnu á dag í banka eða lítið meira. Samningurinn skyldi vera bindandi fyrir áfrýjanda, þegar gerður væri og

undirskrifaður samningur við félag nokkurra manna, sem ætlast var til að tækju að sér að tryggja áfrýjanda 800 kr. á ári í sömu 6 ár, til þess að hann gæti unnið hér að stjórn málum, og auk þess 300 kr. á ári um sama tímabil, er hann skyldi verja til að leggja blaðinu »Norðurlandi« til efni. Um sama leyti eða skömmu fyrir og eftir að samningur þessi gerðist, fékk áfrýjandi bréflæg loforð ýmsra manna um fjárstyrk handa honum til að gefa sig við stjórn málum og taka þátt í ritstjórn »Ísafoldar« og til að sjá blaðinu »Norðurlandi« fyrir efni. Numu fjárloforð þessi 1100 kr., er greiddast skyldu árlega frá 1. júlí 1912 til 1. júlí 1918, og skyldu 300 kr. af þeim vera til stuðnings »Norðurlandi«.

Áfrýjandi flutti sig til Reykjavíkur sumarið 1912, tók við ritstjórn »Ísafoldar« 1. júlí og hélt þeim starfa þangað til seint í febrúar 1913, en þá sagði stefndi honum upp samningnum í bréfi 28. s. m. og hætti að greiða honum umsamin laun. Áfrýjandi taldi þetta samningsrof og lét stefnda vita að hann væri til taks að halda áfram störfum sínum við blaðið og krafðist þess að stefndi gerði sér kost á því. En er þetta gat eigi samist með þeim, höfðaði áfrýjandi þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, og voru það kröfur hans aðallega: 1. að viðurkennt verði með dómi, að áfrýjandi sé ritstjóri blaðsins »Ísafoldar«, til 30. júní 1918, með valdi til þess að ákveða, hvað blaðið flytji um stjórn málmál og rita í blaðið það, sem hann vill um þau mál. 2. að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, dæmduur til að veita áfrýjanda þann aðgang að blaðinu

»Ísafold« og ritstjórn þess, sem nauðsynlegur er til þess að hann geti framkvæmt ofangreint ritstjórnarstarf við blaðið. 3. að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, dæmdur til þess að prenta eða láta prenta á blaðið »Ísafold«, að áfrýjandi sé ritstjóri blaðsins á sama hátt og gert hefir verið undanfarið, það er, á því tímabili, sem áfrýjandi starfadi við ritstjórn blaðsins til 1. marz 1913. 4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda laun hans samkvæmt fyrnefndum samningi, dags. 29. marz 1912, fyrir marzmánuð 1913 með 200 kr. 5. að viðurkent verði með dómi, að stefnda beri framvegis til 30. júní 1918 að greiða áfrýjanda laun hans, samkvæmt nefndum samningi, 200 kr. á mánuði í byrjun hvers mánaðar, gegn því að áfrýjandi sé til taks að vinna störf þau við blaðið »Ísafold«, sem honum eru ætluð í samningnum, og fullnæggi samningi þessum að öðru leyti. 6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda í skaðabætur vegna missis 1100 kr. árgjalds frá ýmsum mönnum, þess er ræðir um í 5. gr. ofanefnds samnings og áfrýjanda var trygt með 4 samningum, einum dags. 1. marz 1912, við síra Guðmund Helgason o. fl., öðrum dagsettum 3. apríl s. á. við Björn Kristjánsson og Jón Björnsson, þriðja dags. 28. febr. s. á. við Pétur A. Ólafsson o. fl. og fjórða dags. 25. marz s. á. við síra Jens Pálsson, $\frac{1}{12}$ af nefndu 1100 kr. árgjaldi frá 1. marz 1913 að telja fyrir hvern af mánuðunum marz—júni s. á., eða 366 kr. 66 aur. 7. að viðurkent verði með dómi að eftir greiðslu téðra 366 kr. 66 aur. beri stefnda að greiða áfrýjanda framvegis, frá og með 1. júlí 1913 að telja til

30. júní 1918 frammanfent árgjald 1100 kr. á ári í 2 helmingagreiðslum, 1. janúar og 1. júlí árs hvers, sakir þess að áfrýjandi, fyrir sammingsrof stefnda, missi kröfurétt sinn til þess árgjalds á hendur téðum mönnum, samkvæmt fyrnefndum fjórum samningum, sem veitt hafi áfrýjanda rétt til nefnds árgjalds, ef hann tæki þátt í ritstjórn »Ísafoldar«. 8. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 5% ársvexti frá sáttakærudegi 13. marz 1913 til borgunardags af þeim 200 kr., sem ræðir um undir 4. kröfulið, og af þeim 366 kr. 66 aur., sem um ræðir undir 6. lið. Til vara krafðist áfrýjandi að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér í eitt skifti fyrir öll 8566 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og þar með sé öllum viðskiftum þeirra lokið. Svo krafðist áfrýjandi og málskostnaðar fyrir bæjarþinginu.

Málinu lauk með dómi nefnds réttar, uppkeðnum 29. júlí f. á. svo, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 2800 kr. og að auki þá upphæð, er kostnaður við flutning á áfrýjanda og fjölskyldu hans frá Reykjavík til Eskifjarðar sumarið 1913 eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna hefði numið, þó eigi meir en 1169 kr., báðar upphæðirnar með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. sept. f. á., og hefir hann haldið fram fýrgreindum sömu kröfum eins og fyrir undirréttinum, og auk þess krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefna, útgefinni 13. des. f. á., og er það aðalkrafa hans, að verða sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda. En til vara krefst hann þess, að 5. aðalkrafa áfrýjanda verði eigi tekin til greina frekar en svo, að stefndi verði eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda laun um lengri tíma en þann, er telja megi hæfilegan uppsagnartíma á slíkum samningi, og þó aldrei meir en fyrir 6 mánaða tíma, ennfremur að frá þeirri upphæð, er hann kynni að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda, verði dregið alt það, er áfrýjandi hefir unnið og kann að vinna sér inn fyrir störf sín frá 1. marz 1913, svo og að mánaðarlaun, er stefndi kynni að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda, verði aldrei talin hærri en 150 kr. Að því er til kröfuliðanna 6. og 7. kemur, er það varakrafa stefnda að frá þar nefndum árgjöldum verði dregið það, sem áfrýjandi hefir unnið eða kann að vinna sér inn frá 1. marz 1913. Gegn varakröfu áfrýjanda krefst stefndi þess til vara, að frá kröfuupphæðinni, sem áfrýjandi telur kr. $18566 \div 10.000 =$ kr. 8,566,00, komi ennfremur til frádráttar alt það, sem áfrýjandi hefir unnið sér inn og kann að vinna sér inn frá 1. marz 1913. Þá krefst stefndi og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Áfrýjandi litur svo á að hann, með því að vera ráðinn stjórnáfrýjandi »Ísafoldar« hafi öðlast sjálfstæðan rétt til að ráða stjórnáfrýjandi blaðsins og rita í það um stjórnáfrýjandi eftir vild sinni umsaminn tíma, og verði honum því að vera heimill aðgangur að blaðinu til að neyta þess réttar. Telur hann því

að stefndi hafi rofið samning þeirra 29. marz 1912 með því að víkja honum frá ritstjórn blaðsins, og er 1.—3. liður aðalkröfunnar byggður á þessum skilningi hans á samningnum. Með þessum samningsrofum telur áfrýjandi og að stefndi hafi orðið þess valdandi, að menn þeir, sem hétu áfrýjanda fjárstyrk, sem fyr segir, til stjórnmalastarfa og til að gerast ritstjóri »Ísafoldar«, hafi losnað við skuldbindingar sínar, og eigi stefndi að bæta sér fjártjón, er hann líði við það. Að þessu lúta 6. og 7. liður aðalkröfunnar.

Stefndi hefir haldið því fram, að áfrýjandi hafi sjálfur fallist á það við stefnda að upphefja samninginn, og hafi samningurinn verið upphafinn þegar, löngu áður en áfrýjandi byrjaði mál þetta. En þessi umsögn stefnda er ósönnuð og véfengd af áfrýjanda og kemur því eigi til álita.

Gegn fyrgreindum skilningi áfrýjanda á samningnum frá 1912 heldur stefndi því fram, að samninginn beri að skoða sem vinnusamning milli sín og áfrýjanda, þannig vaxinn, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til tiltekinnar vinnu, meðritstjórnar á Ísafold, þar í fólgið sérstaklega að rita í blaðið stjórnmalagreinir, en stefndi einn hafi átt að ráða stjórnmalastefnu blaðsins.

Þó að áfrýjandi væri ráðinn stjórnmalaritstjóri Ísafoldar og ákveðið, að sú ráðning skyldi standa í 6 ár, þá virðist eigi næg heimild til að líta svo á þessi ákvæði samningsins, að stefndi með þeim hafi viljað afsala sér öllu valdi til að ráða neinu um stjórnmalastefnu blaðsins hinn umsamda tíma. Það

verður eftir eðli málsins eigi talið sennilegt, þegar athugað er, að stefndi var eigandi, útgefandi og ritstjóri blaðsins eftir sem áður, hafði allan fjárhagslegann vanda af því og ábyrgð sekta og kostnaðar, er orsakast kynnu af greinum, er blaðið flytti. Það sést og af skjölum málsins, að þegar ágreiningur varð milli áfrýjanda og stefnda um sambandsmálið, lét áfrýjandi sér lynda, að stefndi léti blaðið flytja skoðun sína (stefnda) á málinu en eigi áfrýjanda, og virðist áfrýjandi með þessu hafa viðurkent, að stefndi ætti að ráða mestu í því efni. Með því nú að stefndi leit svo á og virðist hafa haft nokkra ástæðu til þess, er hann sleit samningnum, að fjárhag blaðsins og fylgi hjá stuðningsmönnum þess væri hætta búinn, ef áfrýjandi héldi áfram ritstjórninni, þá þykir eigi afleiðingin af því, að stefndi vék áfrýjanda frá blaðinu, eiga að vera önnur en sú, að stefndi verður að greiða þær bætur og bera þann kostnað, er af riftingu samningsins leiðir, ef hún reynist ólögæt. Verða aðalkröfuliðirnir 1—3 samkvæmt þessu eigi teknir til greina. En jafnhliða þessum kröfum hefir áfrýjandi í töluliðum 4 og 5 aðalkröfunnar gert tilkall til kaups eftir samningnum fyrir allan hinn umsamda tíma, og það hvort sem kröfurnar 1—3 verða teknar til greina eða eigi, ef hann að eins verði til taks til að halda áfram störfum sínum við »Ísafold«. Verður þá að rannsaka, hvort stefnda beri að fullnægja þessari kröfu,

Stefndi mótmælir því, að honum beri að greiða áfrýjanda neitt af þessari kröfu og heldur því fram, að samningurinn sé fallinn úr gildi af því, að undir-

staða hans, er báðir aðilar hafi talið sjálfsagða, að gagnkvæmt traust þeirra hvor til annars héldist eins og það var, þegar samningurinn var gerður, hafi fallið burtu, því að áfrýjandi hæfi þá verið búinn að fyrirgera svo trausti stefnda, að öll samvinna milli þeirra hafi verið óhugsanleg.

Það má að sönnu telja það víst, að aðilar hafi borið traust hvor til annars, er þeir gerðu samninginn, og að þeir hafi gert ráð fyrir, að traustið mundi haldast, meðan samningurinn stæði, en hafi þetta átt að vera skilyrði fyrir gildi samningsins, þá varð að taka það fram, því ella hafði hvor samningsaðila það á valdi sínu að rifta samningnum, þegar honum bauð svo við að horfa, með því að lýsa vantrausti sínu á hinum. En slíkt skilyrði er ekki skráð í samningnum og ekki sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að á það hafi verið minst. Verður því þessi varnarástæða eigi tekin gild.

Þá heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi í ýmsum verulegum atriðum breytt gegn skyldum þeim, er hann tók á sig með samningnum, svo sér fyrir þá sök hafi verið heimilt að rifta samningnum. Hefir stefndi fyrst talið það, að áfrýjandi hafi núna tvo síðustu mánuðina, sem hann hafði á hendi ritstjórn blaðsins, neitað að skrifa í það um sambandsmálið á þann hátt, er stefndi vildi, og er það viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi eigi skrifað neitt í blaðið um það mál á nefndu tímabili. En áfrýjandi skýrir svo frá, að hann hafi verið fús til að gera það, en leitt það hjá sér eftir beiðni stefnda. Þessari umsögn áfrýjanda er eigi hnekt, enda starfaði hann við blaðið

og fekk kaup sitt goldið hjá stefnda þessa tvo mánuði, að því er ætla má, fyrirvaralaust. Þessi ástæða verður því og að teljast ónóg til að heimila stefnda að rifta samningnum.

Enn telur stefndi þá ástæðu, er hafi heimilað að segja upp samningnum, að áfrýjandi hafi í verulegum atriðum vikið frá fyrri stjórnmalastefnu sinni, en samningurinn hafi verið gerður á þeim grundvelli, að áfrýjandi héldi fram óbreyttri þeirri stefnu, stefnu sjálfstæðisflokksins.

Með því að áfrýjandi var sérstaklega ráðinn stjórnmalaritstjóri »Ísafoldar«, verður að telja það sjálfgefið, að stjórnmalaskoðanir hans hafi ráðið miklu eða mestu um það, að stefndi réð hann til blaðsins, en hann fylgdi þá og hafði undanfarin ár fylgt sjálfstæðisflokknum að málum, eins og stefndi og blað hans »Ísafold«, sérstaklega í sambandsmálinu. Það verður því að fallast á, að fylgi áfrýjanda við sjálfstæðisflokkinn hafi verið undirstaða samningsins og áfrýjanda hlotið að vera það ljóst, þó að það væri eigi tekið fram í samningnum. — Verður því næst fyrir til úrlausnar sú spurning, hvort áfrýjandi hafi vikið frá stefnu sjálfstæðisflokksins eða brugðið fylgi sínu við hann. Stefndi fullyrðir, að áfrýjandi hafi gert þetta og nefnir til fyrst það, að hann hafi viljað aðhyllast hið svonefnda »nýja uppkast« í sambandsmálinu, er ráðherra kom með frá Danmörku í desember 1912, svo og að áfrýjandi hafi eigi viljað hætta öllum samkomulagstilraunum um það mál að svo stöddu, en það hafi verið mjög verulegt atriði, er samkomulagsmönnum hafi komið ásamt um, að málið

skyldi lagt á hylluna að svo stöddu, ef eigi yrði óskorað gengið að miðlunartillögum.

Nokkru áður en samningurinn 29. marz var gerður, voru ýmsir fremstu menn beggja stjórnmalaflokka byrjaðir á miðlunartillögum til að jafna ágreining flokkanna í sambandsmálinu, og voru aðilar þessa máls meðal þeirra manna. Varð árangurinn af þessu sá, að samþykktar voru tillögur, er halda skyldi fram af báðum flokkum, sem lágmarkskröfu af hálfu Íslendinga í sambandsmálinu. Af hálfu hins samningsaðilans, Dana, var eigi gengið að þessum tillögum, en í stað þess flutti ráðherrann hingað í desbr. 1912 »nýja uppkastið« svonefnda, er flestir stjórnmalamenn sjálfstæðisflokksins virðast hafa talið óaðgengilegt. Áfrýjandi hefir neitað, að hann hafi viljað taka þetta »uppkast« óbreytt, hann hafi þó eigi viljað vísa því á bug, en halda áfram samningstilraunum. Út af þessu greindi hann á við stefnda, sem vildi hafna »uppkastinu« og leggja málið á hylluna, og urðu þær lyktur á, að áfrýjandi riðaði eigi um sambandsmálið í »Ísafold« frá því í desbr. 1912, en stefndi hélt fram í blaðinu skoðun sinni um málið. En þó að áfrýjandi þannig eigi vildi hafna »uppkastinu« algerlega án frekari samningstilrauna eða leggja það á hylluna við svo búið, þá virðist það upplýst í málinu, að hann hafi ekkert gert til að halda fram þessari skoðun sinni eða afla henni fylgis, en látið stefnda ráða því, hvernig blaðið snérist við málinu. Með þessu álizt áfrýjandi eigi hafa brotið bág við stefnu sjálfstæðisflokksins, svo að hann fyrir þá sök eigi að glata rétti sínum eftir samningnum. Þá telur stefndi,

að samningurinn hafi ennfremur verið bygður á því, að áfrýjandi skyldi vera fulltrúi sjálfstæðisflokksins þ. e. forvígismanna hans við »Ísafold«, og hafi það meðfram verið fyrir tilmæli þeirra, að stefndi réði áfrýjanda ritstjóra við blaðið til að tryggja því stuðning bæði þeirra manna, sem heitið höfðu áfrýjanda fjárstyrk, og annara sjálfstæðismanna. En trausti þessara manna hafi áfrýjandi algerlega brugðist og með því kipt burtu undirstöðu samningsins. Áfrýjandi hefir mótmælt þessu, og er eigi eftir málavöxtum heimild til að ætla, að hann hafi vitað eða átt að vita, að hér væri um að tefla þegjandi fyrirvara af hálfu stefnda fyrir gildi samningsins, enda virðist 5. gr. samningsins benda á, að það hafi eigi verið skilyrði af hálfu stefnda, að áfrýjandi fengi fjárframlög frá þarnefndu félagi, en að hann hafi verið bundinn við samninginn, hvort sem fjárstyrkurinn fengist eða ekki. Það verður því ekki fallist á þessa málsástæðu.

Stefndi hefir ennfremur viljað sýna fram á, að áfrýjandi hafi vikið frá stefnu sjálfstæðisflokksins með því að styrkja stjórn þá, er hér sat að völdum, meðan áfrýjandi hafði á hendi ritstjórn »Ísafoldar« og með því að snúast öndverður öðrum sjálfstæðismönnum í máli um stofnun veðbanka, er þá var hér á döfinni. En um þetta síðara atriði er það að athuga, að eigi er sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að nein almenn eða ákveðin stefna hafi verið meðal sjálfstæðismanna í áminstu veðbankamáli, og að því er til fyrgreinds atriðis kemur ber þess að gæta, að ráðherra sá, er sat að völdum í ritstjórnartíð áfrýj-

anda, var einn af þeim mönnum, er ásamt stefnda og áfrýjanda unnu að fyrgreindum miðlunartillögum, og var trúað fyrir að koma þeim á framfæri og verður þá að ætla, að það hafi verið með samþykki stefnda, að áfrýjandi hóf eigi andróður gegn stjórninni meðan svo stóð, enda er það eigi sannað, að áfrýjandi hafi með því vanrækt skyldur sínar sem stjórnmálaritstjóri. Verður þá eigi heldur fallist á þessar ástæður.

Með því að stefnda samkvæmt framansögðu hefir eigi tekist að réttlæta það, að hann sleit samningnum við áfrýjanda og neitaði að greiða honum umsamið kaup, verður hann að greiða áfrýjanda bætur fyrir samingsrof. Í 4. og 5. lið aðalkröfunnar hefir áfrýjandi farið fram á, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum umsamið kaup fyrir marzmánuð 1913 og að það verði viðurkent með dómi, að stefnda beri þar eftir að greiða honum í byrjun hvers mánaðar sama kaup það sem þá er eftir hins umsamda tíma, og eru þessar kröfur byggðar á því, að áfrýjandi taki aftur við ritstjórn »Ísafoldar« eða sé til taks að gera það. Svo sem áður er sagt verður áfrýjanda eigi dæmdur réttur til að taka aftur við ritstjórn »Ísafoldar«, og þar sem áfrýjandi hefir tekist á hendur læknisembætti í fjarlægju héraði, virðist hann með því hafa horfið frá því, að vera til taks að halda áfram ritstjórn blaðsins. Það þykir því ekki vera heimild til að samþykkja aðalkröfu hans undir 4. og 5. lið og vaxtakröfum undir tölulið 8, að því leiti sem hún kemur við þessa kröfuliði.

Í 6. og 7. lið og í 8. lið aðalkröfunnar hefir áfrýj-

andi ennfremur krafist endurgjalds frá stefnda fyrir missi 1100 kr. árgjalds frá ýmsum mönnum, þess er að framan getur, krefst hann að fá sér dæmdan $\frac{1}{3}$ þessa árgjalds fyrir mánuðina marz—júni 1913 kr. 366.66 og viðurkenda með dómi skyldu stefnda til að greiða árgjöldin, það sem þá er eftir hins umsamda tíma. En með því eigi er sannað gegn neitun stefnda, að áfrýjandi hafi átt rétt til þessa árgjalds, þegar stefndi vísaði honum úr þjónustu sinni, eða að vanefndir stefnda á samningnum hafi, þótt svo væri, valdið því, að áfrýjandi hafi mist þann rétt, þá verður eigi fallist á þessar síðasttöldu kröfur áfrýjanda.

Til vara hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér eitt skifti fyrir ölk 8566 kr. Þessi krafa virðist eftir reikningi áfrýjanda vera þannig til orðin, að hann telur kaup sitt 200 kr. á mánuði eftir samningnum og framangreind fjárfamlög, er aðrir höfðu heitið honum, 1100 kr. á ári, frá 1. marz 1913 til 30. júní 1918 samtals 17066 kr. og fallið í gjalddaga við sammingsrof stefnda, og auk þess krefst hann að stefndi endurgjaldi sér með 1500 kr. kostnað við flutning sinn og fjölskyldu sinnar frá Akureyri til Reykjavíkur 1912 til að taka við ritstjórn »Ísafoldar« og frá Reykjavík til Eskifjarðar 1913 til að taka við læknisembætti þar. Frá nefndum 17066 kr. + 1500 kr. = 18566 kr. lætur áfrýjandi ganga tekjur, er hann áætlað sér af störfum sínum á sama tímabili, 10000 kr. og verða þá eftir 8566 kr. sem er upphæð varakröfunnar.

Af áðurgreindum ástæðum verður það eigi talið heimilt að áfrýjandi telur í varakröfu sinni endur-

gjald fyrir umgetin 1100 kr. fjárframlög, og kemur þá aðeins til greina kaup áfrýjanda eftir samningnum, en það verður að fallast á, að það kaup fyrir allan tímann frá 1. marz 1913 til 30. júní 1918 kr. 12800.00 hafi fallið í gjalddaga við samningsrofin, og að eigi sé heimild til að lækka það í 150 kr. á mánuði eftir kröfu stefnda. Virðist stefndi eiga að greiða áfrýjanda hina samanlögðu kaupupphæð, að frádregnum starfslaunum sínum umrætt árabíl. Stefndi heldur því fram, að upphæð starfslaunanna sé of lágt talin af áfrýjanda 2000 kr. á ári, því að áfrýjandi hafi haft og muni framvegis hafa meiri árstekjur af vinnu sinni en svari þeirri upphæð. Auk embættistekna áfrýjanda telur stefndi laun hans fyrir umsjón með Helgustaðanámum í Reyðarfirði og bankaráðsfulltrúalaun hans frá Íslandsbanka. Það er eigi sannað að embættistekjur áfrýjanda séu eða verði meiri en hann telur þær, 2000 kr. á ári, og það er eigi heimild til að telja með til frádráttar bankaráðsfulltrúalaun áfrýjanda, með því að áfrýjandi hafði það starf á hendi þegar hann gerði samninginn við stefnda, og eigi er neitt áskilið um, að launin fyrir það ættu að koma til greina til skerðingar umsömdu kaupi. Aftur á móti virðast laun áfrýjanda fyrir umsjón með nefndum námum 1914 og 1915, sem ómótmælt hafa verið samtals 1150 kr. fyrir bæði árin eiga að dragast frá upphæð varakröfunnar auk embættislauna áfrýjanda. Launin fyrir síðari ár koma þar á móti eigi til álits með því að óvist er að áfrýjandi hafi þessa umsjón framvegis á hendi.

Í samningnum 1912 er ekkert ákveðið um kostn-

að við flutning áfrýjanda til Reykjavíkur til að taka við umsömdum störfum, né við flutning hans þaðan, að samningstíma liðnum, og verður að skilja það svo, að áfrýjandi hafi sjálfur átt að bera þennan kostnað. Þar sem áfrýjandi í þessu máli á eigi tilkall til frekari skaðabóta af hendi stefnda en samningurinn heimilar, verður krafa hans um endurgjald á tédum flutningskostnaði eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, er að framan segir ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 12800 kr. ÷ 11150 kr. = 1650 kr. með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913 til borgunardags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ólafur ritstjóri Björnsson greiði áfrýjanda Sigurði lækni Hjörleifssyni 1650 kr. með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913 til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.